

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. apríl 2023

Mál nr. E-3628/2022:

A

(Fjölur Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

B,

(enginn)

Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og C

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Mál þetta er dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 21. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 7. og 14. júlí 2022, af stefnanda, A, [...], á hendur stefndu, B, [...], C, [...], og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., [...].

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í líkamsárás þann [...] 2019.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu C og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Stefndi B hefur ekki látið málið til sín taka.

Ágreiningsefni og málsatvik

Tildrög eru þau að stefnandi varð fyrir líkamsárás, aðfaranótt [...] 2019, við barborð skemmtistaðarins C, af hendi stefnda B er sló stefnanda með krepptum hnefa vinstri handar einu höggi í andlit svo stefnandi féll aftur fyrir sig og skall með höfuðið í gólfið. Stefndi B var þá starfsmaður stefnda C og sinnti [...] staðarins umrætt kvöld. Fyrir liggur að á slysdegi hafði stefndi C í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Meðal gagna málsins er sjúkraskrá stefnanda, frá [...] 2019 til [...] 2021, og læknisvottorð, dags. [...] 2019. Þar kemur fram að stefnandi hafi komið með sjúkrabíl á [...] klukkan rúmlega þrjú aðfaranótt [...] 2019 eftir fall og höfuðhögg á skemmtistað í [...]. Stefnandi hafi rotast í 2–3 mínútur og fengið stóra kúlu aftan á hnakka. Þá kemur fram að stefnandi hafi komið á bráðamóttöku [...] þann [...] 2019 vegna fallsins deginum áður. Stefnandi væri með slæman höfuðverk, jafnvægisleysi, þvoglumælg, minnisleysi

og ætti erfitt með gang. Við skoðun kom í ljós að stefnandi væri með [...]. Þá kemur fram að stefnandi hafi leitað á bráðamóttöku [...] [...] 2019 og lýst þar svima og [...] eftir fallið, sem ekki var áður. Loks kemur fram að stefnandi hafi leitað á [...] [...] 2019 vegna fyrrgreinds höfuðhöggs um miðjan [...]. Eftir höfuðhöggið hafi hann verið með viðvarandi svima sem hái honum við vinnu sem og [...].

Í skýrslu sjúkraþjálfara [...] 2020 kemur fram að stefnandi hafi sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara til að [...] og geri æfingar daglega í sama tilgangi. Í læknisvottorði frá [...], dags. [...] 2020, kemur fram að stefnandi sé með [...]

Þann [...] 2019 lagði stefnandi fram kæru hjá lögrelunni á [...] á hendur stefnda B vegna líkamsárásarinnar [...] 2019. Í skýrslu lögrelunnar á [...] um rannsókn málsins, 28. desember 2020, kemur fram að stefnandi hafi lýst atvikum svo að hann hafi verið að skemmta sér að kvöld dags [...] og aðfaranótt [...] 2019 og hafi drukkið töluvert mikið af áfengi. Hann hafi komið á veitingastaðinn C í [...] á milli kl. 01:00 og 02:00. Hann hafi farið á barinn og þá verið ókurteis við [...] sem hafi á móti kýlt hann. Við höggið hafi stefnandi fallið aftur fyrir sig og lent með hnakkann í gólfinu og misst meðvitund. Þá kemur fram að stefndi B hafi lýst atvikum þannig að þetta kvöld hafi hann verið að vinna á C sem [...]. Undir lokun hafi stefnandi falast eftir samloku við F, [...], sem hafi orðið við því og þá ákveðið að rukka stefnanda um 400 krónur fyrir. Hún hafi slegið upphæðina inn í posann og svo beðið stefnanda að ganga frá greiðslunni. Stefnandi hafi reynt að borga snertilaust en það ekki gengið. Stefndi hafi því beðið hann um að nota pinnið en stefnandi hafi þá talið að verið væri að reyna að féfletta sig. Þeir hafi verið að ræða þetta þegar stefnandi hafi kýlt hann með krepptum hnefa beint framan á andlitið, í nef og framtennur. Hann hafi fengið blóðnasir og brotnað hafi upp úr vinstri framtönn. Stefndi sagðist algerlega ósjálfrátt hafa kýlt stefnanda til baka með krepptum hnefa, snúið sér svo undan og farið til F og látið hana vita að hann hafi verið kýldur.

Í upplýsingaskýrslu lögrelunnar á [...], 28. desember 2020, kemur fram að lögreglan hafi fengið upptöku af atvikinu úr eftirlitsmyndavél. Í skýrslunni er upptökunni lýst með þeim hætti að hún sé 8 mínútur og 27 sekúndur. Strax í upphafi hennar megi sjá stefnanda og stefnda B í samskiptum og fljótlega komi stefndi B með greiðsluposa og leggi á borðið fyrir framan stefnanda. Á 8. mínútu og 20. sekúndu myndbandsins megi sjá stefnanda sveifla vinstri hendi sinni frá afgreiðsluborðinu upp í andlit stefnda B. Í kjölfarið bakki stefndi lítið eitt en kýli stefnanda svo í andlitið með vinstri hendi sinni og falli stefnandi við það.

Í dómi Héraðsdóms [...] frá [...] 2021 í máli nr. S-[...]/2021 var stefndi B dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir framangreinda líkamsárás á stefnanda. Var um svokallað játningarmál að ræða. Í málinu hafði stefnandi uppi einkaréttarkröfu að fjárhæð 1.583.540 krónur. Í dómi héraðsdóms var aðeins að hluta til fallist á dómkröfu stefnanda um greiðslu bóta. Voru stefnanda dæmdar bætur að fjárhæð 350.000 krónur á

grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk þess sem stefnda hafi verið gert að greiða sjúkrakostnað, að fjárhæð 196.317 krónur, sbr. 1. gr. sömu laga. Hins vegar hafi kröfu stefnanda um greiðslu þjáningarbóta verið vísað frá dómi sökum ófullnægjandi gagnaframlagningar.

Með bréfi [...] 2021 krafðist stefnandi þess að stefndi B viðurkenndi skaðabótaskyldu sína að fullu vegna þess líkamstjóns sem stefnandi hlaut í árásinni. Bréfinu var ekki svarað af hálfu stefnda B.

Með bréfi [...] 2022 krafði stefnandi stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um að félagið tæki afstöðu til skaðabótaskyldu sinnar sem ábyrgðartryggjandi stefnda C. Bréfinu hafi ekki verið svarað af hálfu stefnda Sjóvá.

Í ljósi alls framangreinds fann stefnandi sig knúinn til þess að höfða mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamlegu tjóni er stefndi B, starfsmaður stefnda C, hafi veist að honum [...] 2019. Á grunni hinnar almennu sakarreglu beri stefndi B ábyrgð á því tjóni sem hann hafi valdið stefnanda með árás sinni. Á grunni meginreglna íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitanda- og húsbóndaábyrgð beri stefndi C, sem vinnuveitandi stefnda B, ábyrgð á því tjóni sem stefndi B hafi þá valdið sem starfsmaður fyrirtækisins. Einskorðist ábyrgð C þó hér ekki einungis við vinnuveitandaábyrgð félagsins á skaðabótaskyldri háttsemi umrædds starfsmanns fyrirtækisins heldur líti stefnandi jafnframt svo á að hið stefnda félag, C, eigi sök á líkamstjóni stefnanda með því að hafa vanrækt að tryggja að starfsemi staðarins væri rekin í samræmi við opinberar kröfur og skyldur. Beri hið stefnda tryggingafélag ábyrgð á framangreindri skaðabótaskyldri háttsemi sem óumdeildur ábyrgðartryggjandi stefnda C.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendum stefnda B á því að stefndi B hafi með saknæmum og ólögmætum hætti valdið stefnanda tímabundnu og varanlegu líkamstjóni, er stefndi B hafi veist að stefnanda aðfaranótt [...] 2019 með því að slá stefnanda í höfuðið svo stefnandi féll aftur fyrir sig og slasaðist alvarlega á höfði. Stefndi B hafi þegar gengist við verknaðinum fyrir dómi og hafi verið dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, sbr. dóm Héraðsdóms [...] [...] 2021 í máli nr. S-[...]/2021. Sé því óhætt að álykta að bótaskylda stefnda B liggi fyrir.

Stefnandi byggir kröfur á hendum stefnda C í fyrsta lagi á sakarábyrgð. Líkamstjón stefnanda sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar vanrækslu stefnda C við það að tryggja að starfsemi veitingareksturs þess væri í samræmi við opinberar kröfur sem gerðar séu í lögum og reglugerðum. Stefndi C hafi þannig vanrækt að tryggja lágmarksfjölda dyravarða á vakt umrætt kvöld, auk þess sem kunnáttuleysi starfsmanna staðarins hafi orðið til þess að svo hafi farið sem fór. Um þetta vísi stefnandi til laga nr.

85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, einkum 4. og 6. gr. laganna. Þá vísi stefnandi enn fremur til reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þá einkum 14. gr. og 17.–19. gr. hennar.

Hvorki stefndi B né nokkur annar starfsmaður stefnda C hafi fullnægt opinberum skilyrðum til að sinna dyravörslu, auk þess sem enginn dyravörður hafi verið að störfum umrætt kvöld er stefnandi hafi slasast alvarlega. Fyrir vikið verði að álykta að starfsemi stefnda C hafi ekki samræmst útgefnu rekstrarleyfi og lögum nr. 85/2007 og brotið í bága við 17. gr. reglugerðar nr. 585/2007. Stefndi C beri því beina sakarábyrgð á tjóni stefnanda með því að vanrækja að tryggja að til staðar væri hæft starfsfólk er hlotið hefði tilskilda þjálfun til að meðhöndla stefnanda og koma þannig í veg fyrir tjón hans. En með fullnægjandi tókum hefði verið fært að vísa stefnanda af staðnum slysalaust og koma þannig í veg fyrir líkamstjón hans.

Stefnandi byggi kröfur á hendur stefnda C í annan stað á vinnuveitandaábyrgð. Stefndi C beri slíka ábyrgð á saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanns síns, stefnda B, á grundvelli óskráðra meginreglna skaðabótaréttarins um vinnuveitanda- og húsbóndaábyrgð. Stefnandi leggi áherslu á það að atlagan hafi átt sér stað á vinnustað og verið valdið á vinnutíma stefnda B sem hafi verið að afgreiða stefnanda. Refsiverð og skaðabótaskyld háttsemi stefnda B hafi því verið í slíkum tengslum við starfsskyldur hans sem starfsmanns stefnda C.

Eins og málum hafi verið háttað í rekstri stefnda C, þar sem ekki hafi verið til staðar hæft fólk er hlotið hafi tilskilda þjálfun við meðhöndlun á fólki í annarlegu ástandi sökum ölvunar, sé óhætt að álykta að forsvarsmenn stefnda C hafi mátt búast við að illa gæti farið ef óþjálfður starfsmaður meðhöndlaði drukkinn mann er væri öðrum til ama. Í ljósi þess, að ekki hafi verið á vakt dyraverðir, hafi það komið í hlut annarra starfsmanna að sinna þeim störfum. Megi því líta svo á að það hafi fallið undir starfsskyldur stefnda B að meðhöndla stefnanda í umrætt sinn. Dómaframkvæmd sé skýr um að verði tjón í þeim tilvikum sem dyraverðir fari offari í valdbeitingu sinni við framkvæmd starfa sinna sé sú háttsemi á ábyrgð vinnuveitanda, sbr. dóm Hæstaréttar frá 23. maí 1991 í máli nr. 117/1988. Refsiverð háttsemi stefnda B girði ekki fyrir það að fallast beri hér á slíka ábyrgð vinnuveitanda, sbr. dóma Hæstaréttar 21. apríl 1999 í máli nr. 335/1998 og 28. september 2000 í máli nr. 142/2000.

Stefnandi byggi kröfur sínar á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á því að vátryggingafélagið hafi tekið að sér, á grundvelli vátryggingarsamnings, að bæta tjón sem stefndi C beri skaðabótaábyrgð á. En óumdeilt sé að stefndi C hafi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá er atvik áttu sér stað. Beini stefnandi hér kröfum sínum að stefnda Sjóvá á grundvelli 44. gr. laga nr. 30/2004.

Stefnandi byggi á því að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um skaðabótaskyldu stefndu vegna líkamstjóns síns, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og þá með vísan til fyrirbyggjandi læknisfræðilegra gagna í málinu.

Málsástæður og lagarök stefndu C og Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að tjón stefnanda sé ekki að rekja til atvika sem stefndi C beri skaðabótaábyrgð á að lögum, þá hvorki á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar né annarrar sakarábyrgðar.

Stefndu byggi í fyrsta lagi á því að stefndi C beri ekki skaðabótaábyrgð sem vinnuveitandi meðstefnda B á afleiðingum líkamsárásar hans á stefnanda. Vinnuveitandaábyrgð sé ekki hlutlæg ábyrgð líkt og stefnandi telji. Skaðaverkið verði að hafa verið unnið í tengslum við framkvæmd starfs, auk þess sem líkamsmeiðingar falli almennt utan vinnuveitandaábyrgðar nema líkamleg valdbeiting sé hluti starfsskyldna. Ljóst sé að í starfslýsingu stefnda B hafi ekki falist að beita viðskiptavinum líkamlegu valdi, ofbeldi eða viðlíka valdbeitingu. Hafi þannig verið unnið tjón á líkama stefnanda með slíkum hætti sé augljóst að það hafi ekki verið þáttur í störfum stefnda B fyrir stefnda C. Sé því mótmælt að líta megi svo á að dyravarsla hafi verið hluti af störfum stefnda B í umrætt sinn. Byggi stefndu á því að verknaðurinn hafi verið í slíkri fjarlægð við framkvæmd starfs stefnda B að ekki sé hægt að fella ábyrgð á stefnda C á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar.

Byggi stefndu á því að meðstefndi B hafi valdið líkamstjóni stefnanda af ásetningi og því beri stefndi Sjóvá ekki ábyrgð á tjóninu, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 og 36. gr. skilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekendur hjá Sjóvá.

Stefndu byggi í öðru lagi á því að stefndi C beri ekki sakarábyrgð á tjóni stefnanda. Stefndi C hafi uppfyllt allar kröfur sem til slíkra staða séu gerðar í lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 85/2007 sem og þágildandi reglugerð nr. 1277/2016. En jafnvel þótt talið verði að stefndi C hafi ekki uppfyllt allar kröfur út í hörgul sé því alfarið hafnað að orsakatengsl hafi verið á milli þess og tjóns stefnanda. Stefnandi, sem beri sönnunarbyrði um orsakatengsl, hafi ekki sannað þau.

Byggi stefndu á því að D hafi sinnt dyravörslu umrætt kvöld. Eins og aðstæður hafi verið umrætt sinn, þar sem innan við 10 gestir hafi verið á staðnum, hafi verið fullnægjandi sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 að einn dyravörður væri á staðnum. Þá hafi D verið fyllilega hæfur til að gegna dyravörslu og verið það heimilt þótt formlegt samþykki lögreglustjóra hafi ekki legið fyrir, sbr. 21. gr. reglugerðarinnar.

Byggi stefndu á því að sá málalíbúnaður stefnanda að á stefnda C hvíli sakarábyrgð þar sem stefnanda hafi ekki verið vísað af staðnum af dyraverði með dyravarðarskírteini sé fráleitur. Stefnandi hafi sjálfur lýst því yfir að hann sé meðvitaður um að hann hafi tilhneigingu til að verða erfiður er hann drekki mikið. Þá hafi stefnandi ráðist að fyrra

bragði á meðstefnda B og veitt honum hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að tönn hafi brotnað. Stefnandi beri ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.

Stefndu byggi á því að jafnvel þótt talið yrði að stefndi C bæri með einhverjum hætti skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda sé ljóst að eigin sök hans sé svo veruleg að hann verði að bera allt tjón sitt sjálfur með vísan til reglna skaðabótaréttar. Hvað stefnda C varði sé því um hreina eigin sök stefnanda að ræða. Verði ekki fallist á að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda krefjist stefndu þess með vísan til framangreinds að sök verði skipt og meirihluti sakar lagður á stefnanda sjálfan.

Niðurstaða

Af gögnum málsins verður að telja að nægilega hafi hér verið sýnt fram á að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni [...] 2019 sem ekki hafi verið að fullu bætt. Eru því að mati dómsins uppfyllt skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til þess að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu með þeim hætti er stefnandi hefur hér gert.

Af hálfu stefnda B hefur hvorki verið sótt né látið sækja dómþing í málinu. Í stefnu er farið ranglega með föðurnafn stefnda B, sem er sagður G-son, en er að réttu lagi H-son. Í stefnu eru eiginnöfn stefnda B, kennitala og lögheimili þó réttilega tilgreind. Er það mat dómsins að stefndi B hafi verið nægilega skýrt nefndur til að honum mátti vera ljóst að honum var stefnt og er honum því löglega stefnt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 19. nóvember 1981 í máli nr. 56/1980. Sökum útvistar stefnda B ber því eftir 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið að því er hann varðar eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti sem er samrýmanlegt framkomnum gögnum nema gallar séu á málinu er varða frávísun án kröfu og er svo ekki talið vera.

Í dómi Héraðsdóms [...] frá [...] 2021 í máli nr. S-[...]/2021 var stefndi B sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að hafa aðfaranótt [...] 2019, við barborð skemmtistaðarins C, slegið stefnanda með krepptum hnefa vinstri handar einu höggi í andlit þannig að stefnandi féll aftur fyrir sig og skall með höfuðið í gólfið. Játáði stefndi B sök og fór því um meðferð málsins sem játningarmál eftir 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Var stefndi B dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár.

Í ljósi hér framangreinds verður tjón stefnanda því ótvírætt rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi af hálfu stefnda B. Ber stefndi B því bótaábyrgð á tjóni stefnanda til samræmis við skilyrði sakarreglunnar sem teljast hér vera uppfyllt.

Ágreiningur stefnanda og stefndu C og Sjóvár-Almennra trygginga hf. í málinu lýtur að því hvort stefnandi eigi jafnframt rétt til bóta óskipt úr hendi þeirra. Það er óumdeilt að stefnandi slasaðist aðfaranótt [...] 2019 við barborð skemmtistaðarins C þegar hann varð fyrir fyrrgreindri líkamsárás af hendi stefnda B. En fyrir liggur óumdeilt í málinu

að stefndi B var þá við störf hjá stefnda C og að það félag hafði á þeim tíma ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda tryggingafélagi.

Aðila greinir þá í fyrsta lagi á um það hvort stefndi C beri beina ábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli sakarreglunnar. Stefnandi byggir þá á því að tjón hans verði rakið til saknæmrar og ólögætrar vanrækslu stefnda C varðandi það að tryggja tilskilinn lágmarksfjölda dyravarða á vakt umrætt kvöld og rétta þjálfun þeirra. Stefnu C og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. byggja á því að fyrrnefnda félagið hafi uppfyllt allar kröfur sem til slíkra staða séu gerðar í lögum og reglugerðum, auk þess sem skortur sé á orsakatengslum á milli meintrar vanrækslu og tjóns stefnanda.

Það er mat dómsins að gögn málsins og framburður aðila og vitna fyrir dómi beri ekki með sér að stefndi C hafi vanrækt að tryggja að reksturinn hafi verið í samræmi við lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og samnefnda reglugerð nr. 1277/2016. Þá hefur stefnandi heldur ekki hnekkst málsástæðu stefnda C þess efnis að D hafi sinnt dyravörslu umrætt kvöld né hefur stefnandi sýnt fram á að D hafi ekki verið til þess bær að sinna því starfi. Þá horfir dómurinn til þess að sú atburðarás sem olli líkamstjóni stefnanda hafi verið fyrirvaralaus og hröð og að ekkert ráðrúm hafi verið fyrir dyravörð eða eftir atvikum dyraverði staðarins til þess að skakka leikinn, og skipti þar engu fjöldi dyravarða eða þjálfun þeirra. Í ljósi framangreinds verður því ekki fallist á með stefnanda að stefndi C beri beina bótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli sakarreglunnar.

Þá greinir aðila í öðru lagi á um það hvort stefndi C beri ábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð. Deila aðilar þá einkum um hvort skaðaverkið teljist hafa verið unnið í tengslum við framkvæmd starfs stefnda B hjá stefnda C. Stefnandi byggir á því að atlagan hafi átt sér stað á vinnustað og vinnutíma stefnda B er hann afgreiddi stefnanda, auk þess sem það hafi komið í hlut stefnda B að sinna dyravörslu umrætt sinn þar sem engir dyraverðir hafi verið að störfum. Stefnu C og Sjóvá byggja á því að dyravarsla hafi ekki verið hluti af störfum B og að valdbeiting af nokkru tagi falli almennt utan vinnuveitandaábyrgðar nema þegar líkamleg valdbeiting sé hluti af starfsskyldum.

Tildrög og atvik í tengslum við líkamsárás stefnda B gagnvart stefnanda eru að meginstefnu til óumdeild. Þá liggur fyrir að stefndi B var að afgreiða stefnanda við barborð skemmtistaðarins C þegar umrædd líkamsárás átti sér stað.

Í aðilaskýrslu fyrirvarsmanns stefnda C, D, fyrir dómi, kvað hann stefnda B ekki hafa sinnt dyravörslu umrætt kvöld heldur hafi hann sjálfur sinnt því ásamt E. Sá framburður fær stoð í vitnaskýrslu F fyrir dómi. Staðhæfing stefnanda um að það hafi komið í hlut stefnda B að sinna dyravörslu umrætt kvöld þar sem engir dyraverðir hafi verið að störfum fær ekki stoð í gögnum málsins og framburði aðila og vitna fyrir dómi.

Verður því lagt til grundvallar að stefndi B hafi aðeins sinnt afgreiðslustörfum á bar staðarins þegar atvik þessa máls áttu sér stað en ekki verið þar dyravörður.

Það er skilyrði þess að vinnuveitandi verði dæmdur skaðabótaskyldur vegna saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi starfsmanns síns að tjóni hafi verið valdið í tengslum við framkvæmd starfins, sem hann átti að inna af hendi, sbr. dóma Hæstaréttar 5. júní 2014 í máli nr. 696/2013 og 9. október 2014 í máli nr. 46/2014. Að mati dómsins ber þá að líta hér til þess að líkamsárás stefnda B gagnvart stefnanda átti sér stað inni á vinnustaðnum og á vinnutíma þess fyrrnefnda þegar hann var að sinna vinnu sinni við að afgreiða stefnanda á bar staðarins. Þá ber jafnframt að líta til þess að deila, og síðar átök, stefnanda og stefnda B var til komin vegna framkvæmda starfs stefnda B. Þá ber að líta til þess að líkamsárás stefnda B gagnvart stefnanda var fyrirvaralaust svar hans og viðbragð við atlögu stefnanda að honum sjálfum. Eins og atvikum háttar í þessu tiltekna máli er það mat dómsins að þótt líkamsárás stefnda B gagnvart stefnanda geti ekki talist eðlileg háttsemi við afgreiðslu á veitingahúsi þá hafi framferði hans þó verið í slíkum tengslum við framkvæmd starfs hans í umrætt sinn að felld verður ábyrgð á vinnuveitandann, stefnda C, vegna umrædds tjóns stefnanda. Í ljósi framangreinds verður því fallist hér á það með stefnanda að stefndi C beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda á grunni reglna skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. byggir á því að leggja verði til grundvallar að stefndi B hafi valdið líkamstjóni stefnanda af ásetningi og því beri félagið ekki ábyrgð á tjóninu samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og 36. gr. skilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá stefnda Sjóvá. Í málinu liggja fyrrgreindir skilmálar ekki fyrir en óumdeilt er þó að stefndi C hafi verið váttryggður sem atvinnurekandi samkvæmt ábyrgðartryggingunni. Liggja ekki fyrir haldbærar skýringar á því hvernig umrætt lagaákvæði getur dregið úr ábyrgð hins stefnda tryggingafélags á þessum grunni. Ber stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. því að mati dómsins bótaábyrgð á tjóni stefnanda sem váttryggjandi stefnda C.

Hvað varðar loks ætlaða eigin sök stefnanda, þá er það mat dómsins að stefnandi geti ekki, þrátt fyrir atlögu hans, ölvun og framkomu í umrætt sinn, verið látinn bera nokkra eigin sök á líkamsárás stefnda B gagnvart stefnanda og afleiðingum hennar.

Að öllu framangreindu virtu verður því viðurkennd óskipt skaðabótaskylda allra stefndu vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umræddri líkamsárás [...] 2019.

Eftir niðurstöðum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr., sbr. 132. gr., laga nr. 91/1991 verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt 1.500.000 krónur í málskostnað.

Mál þetta fluttu Fjölur Vilhjálmsson lögmaður fyrir stefnanda, en Kristín Edwald lögmaður fyrir stefndu C og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Viðurkennd er óskipt skaðabótaskylda stefndu, B, C og Sjóvár-Almennra trygginga hf., vegna þess líkamstjóns sem stefnandi, A, varð fyrir í líkamsárás þann [...] 2019.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 1.500.000 krónur í málskostnað.

Pétur Dam Leifsson